

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

01. tbl. • Janúar 2003

## Aðhald í peningamálum á Íslandi enn of mikið

Þótt stýrivextir hafi verið lækkaðir mikið frá því að þeir voru 11,4% árið 2001 er peningalegt aðhald enn of mikið á Íslandi. Ástæðan er sú að vextir eru enn of háir miðað við aðstæður á innlendum markaði og samkeppnisstaða fyrirtækja mæld með raungengi hefur versnað mikið.


Raunvextir á Íslandi, sem er munurinn á nafnvöxtum og verðbólgu þeirri sem

vænta má á komandi árum, eru enn of háir. Þetta sést best á þeim samdrætti sem er í innlendra eftirspurn og auknu atvinnuleysi. Þá hefur vaxtamunur við útlönd áhrif til styrkingar krónunnar. Nýlegar mælingar á raungengi krónunnar leiða í ljós að hækkunir á nafngengi krónunnar frá í fyrra, að viðlögðum launahækkunum undanfarin ár, hafa aukið kostnað íslenskra fyrirtækja það mikið að samkeppnisstaða þeirra á erlendum mörkuðum er aftur orðin slæm.

Eins og meðfylgjandi mynd ber með sér er þetta ástand farið að hamla útflutningi á iðnvöru annarri en stór-íðju. Brýnt er að Seðlabankinn haldi áfram að lækka vexti.

(Sjá grein Þorsteins Þorgeirssonar á blaðsíðu 11.)

### Útflutningsverðmæti annarar iðnaðarvöru



Heimild: Hagstofa Íslands

### Útboðsþing

## Verklegar framkvæmdir 2003

Hótel Loftleiðir 24. janúar 2003

kl. 13:00 – 16:30

Sjá nánar á baksíðu

### Meðal efnis:

#### Áramótahugleiðing

Vilmundur Jónsson formaður SI 2



#### Iðnþing 14. mars 2003

Kosningar, aðalfundur, árshólf 3



#### Verk- og tæknifærði verði kennd á Akureyri

Efling iðn- og verkmenntunar hafi forgang 4

#### Stjórnendur iðnfyrirtækja og meistarar líta yfir farinn veg

Harðnandi samkeppni, hækkandi raungengi, lítil verðbólga 5-8



#### Evrópuverkefni lokið

Fellows for Industry - Partners for Life 8



#### Ax hugbúnaðarhús

Viðtal við Sigríði Olgeirsdóttur, framkvæmdastjóra 9



# Áramótahugleiðing

Þegar horft er til baka yfir liðið ár kemur helst upp í hugann að árið hafi verið iðnaðinum heldur erfitt og einkennst af stöðnun og jafnvel nokkrum samdrætti eftir gengissveiflur og verðbólgu skot árunna 2000-2001. Á heildina lítið er þessi afturkippur í iðnaðinum þó óverulegur miðað við þá svartsýni sem ríkti á haustmánuðum 2001. Að þessu sinni virðist hagsveiflan sem sé ekki ætla að enda með brotlendingu eins og svo oft áður heldur vonandi mjúkrilendingu.

## Er þensluhætta yfirvofandi?

Raunar er of snemmt að spá fyrir um það hvort botninum í niðursveiflunni sé náð a.m.k. meðan atvinnuleysi fer enn vaxandi. Enginn vafi leikur á því að framkvæmdir við virkjanir og stóriðju koma nú á besta tíma inn í hagkerfið þar sem verulegur slaki er að myndast, ekki síst í fyrirtækjum í mannvirkjagerð. Full ástæða er til að endurmeta áhrif fyrirhugaðra virkjana-

framkvæmda á Austurlandi því að margt bendir til þess að innlendir virðisauki sé ekki slíkur að þensluhætta sé yfirvofandi í bráð og fráleitt er að halda uppi vöxtum eins og nú er gert með þeim rökum.

## Hætta slökkvistarfi þegar eldurinn er kuldaður

Samtök iðnaðarins vörðu á sínum tíma við þensluhættu á árunum 1998-1999. Nú eru flestir sam-mála um að aðhald í peningamálum og fjármálum opinberra aðila hafi verið allt of lítið á þeim tíma. Vaxtahækkningar Seðlabankans komu of seint eftir að hagkerfið hafði ofhitnað illilega. Þar að auki dugðu vaxtahækkningar skammt til að slá á þensluna meðan genginu var haldið föstu. Nú hefur hins vegar slegið í bakseglin en Seðlabankinn hefur verið og er enn að berja niður þenslu í hagkerfinu þegar þensluhætta er liðin hjá og ný hætta blasir við, sem sé sú að gengishækkun krónunnar getur rústað afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina og atvinnuleysi farið úr böndum.

## Nagandi óvissa

Stjórnendur Seðlabankans eru sannarlega ekki öfundsverðir af því hlutverki að reyna að halda verðlagi stöðugu með örmárrí og sveiflukenndri mynt okkar. Það verkefni virðist óvinnandi. Á sama tíma kvarta forráðamenn iðnfyrirtækja sáran undan viðvarandi óvissu. Þeir vita ekki hvað þeir fá að lokum fyrir þær vörur sem seldar eru úr landi. Þeir vita ekki hver næsta afborgun af lánunum verður þegar búið er að umreikna hana í íslenskar krónur. Þeir vita ekki hvað næsta sending af hráefni kostar. Þeir vita ekki hvað vélin, sem þeir voru að panta, mun kosta þegar hún kemur.

## Heimatilbúinn vandi

Þessir eigendur og forráðamenn fyrirtækja eiga erfitt með að skilja hvernig það má vera að það henti okkur Íslendingum einum þjóða að búa við sífellda óvissu og

sveiflur í þessu efni. Þeir skilja ekki hvers vegna það er nauðsynlegt og jafnvel gott fyrir okkur að búa ár eftir ár við helmingi hærri vexti en keppinautarnir. Þeir eru fáiir í þessum hópi sem trúa því að það sé gott fyrir okkur að hafa litla og sveiflukennda mynt vegna þess að gengi krónunnar aðlagast svo fljótt efnahagssveiflum eins og það er orðað. Menn hafa nefnilega tekið eftir því að síðasta uppsveifla kom ekki úr hafinu í formi aukins afla eða hækkandi verðs á sjávarafurðum. Niðursveiflan kom heldur ekki til vegna verðfalls eða aflabrests. Sveiflan var heimatilbúin og átti sér einkum rætur í hinni veiku mynt okkar.

## Keppinautarnir lausir við gengisáhættu

Sveiflur í gengi íslensku krónunnar hafa verið miklar undanfarin ár og mun meiri en gengur og gerist um flesta aðra gjaldmiðla. Hitt skiptir þó meira máli að á stærra mynsvæði verða áhrif slíkra gengissveiflna allt önnur og minni. Bandarísk fyrirtæki kaupa, selja og taka lán í eigin gjaldmiðli og sama gildir um evrópsk fyrirtæki. Þau eru að mestu laus við gengisáhættu og kostnað vegna gjalddeyrisviðskipta. Er nokkur furða þótt forráðamenn íslenskra fyrirtækja horfi öfundaraugum til nággranna sinna og keppinauta í þessum efnum.

## Norðmenn í sömu sporum

Þessa dagana sjáum við mikla sveiflu í viðhorfi Norðmanna til evru og ESB aðildar. Ein meginástæðan er sú að norska krónan er nú mjög sterk vegna hárra vaxta og innstreymis erlends gjalddeyris. Norskur iðnaður er að flýja úr landi. Við stóðum í svipuðum sporum árið 1999 og nú stefnir enn í sama far með hækkandi raungengi krónunnar. Hríðversnandi rekstrarskilyrði samkeppnisgreina munu á nýju ári enn þjarma að íslenskum fyrirtækjum. Viðbrögðin verða háværar spurningar til stjórnvalda um það hversu lengi íslenskt atvinnulíf þarf að bera þann kross hárra vaxta og óstöðugleika sem alla tíð hefur fylgt og fylgir enn íslensku krónunni.

Vilmundur Jósefsson,  
formaður Samtaka iðnaðarins



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

### ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

01. tbl. Janúar 2003

ISSN 1022-7741

Fótr í prentsmiðju: 16.01.2003

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Odd Stefán,

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, netfang: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritsstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfarsráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# Iðnþing 2003

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið föstudaginn  
14. mars nk. í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1

## Kosningar

Í tengslum við Iðnþing fara að venju fram kosningar til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins. Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður er Vilmundur Jósefsson og gefur hann kost á sér til endurkjörs. Að þessu sinni ganga fjórir úr stjórn, þeir Eiður Haraldsson, Hörður Arnarson og Sverrir D. Hauksson, sem allir gefa kost á sér til endurkjörs, og Theódór Blöndal en hann gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Þeir sex, sem næstir eru því að ná kjöri í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI. Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 30. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni. Óskað er eftir tilnefningum til þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist eigi síðar en 10. febrúar nk. til skrifstofu Samtaka iðnaðarins.

## Aðalfundur

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi. Að þeim loknum er hádegisverður og ræður formanns og iðnaðarráðherra. Dagskrá Iðnþings að öðru leyti er í undirbúningi og verður kynnt um leið og hún er frágengin.

## Árshóf

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi Iðnþingsdags í veislusalnum Versölum í Húsi iðnaðarins og hefst kl. 19.30. Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðnþings og árshófs.

**Nánari upplýsingar um Iðnþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði  
Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is)**



**Samtök iðnaðarins**

# Verk- og tæknifræði verði kennd á Akureyri

## Efling iðn- og verkmenntunar hafi forgang

Á fundi sem Samtök iðnaðarins héldu nýlega með atvinnulífi og skólum á Akureyri, kom fram eindreginn vilji til að hefja kennslu í verk- og tæknifræði og skyldum greinum við HA.

Til umræðu var hvernig aukið samstarf atvinnulífs og skóla gæti eftl nýsköpun á Akureyri.

Til fundarins voru boðaðir 45 manns frá 33 fyrirtækjum, skólum og atvinnugreinafélögum. Skipulag fundarins var í samræmi við stefnumótunarfundi sem Samtök iðnaðarins hafa haldið með starfsgreinahópum sínum og félögum.

Gengið var út frá framtíðarsýn sem er í atvinnumálaskýrslu Akureyrarbæjar frá árinu 1999 en hún felur í sér að Akureyri taki forystu í nýtingu þekkingar til að skapa forskot og vöxt í atvinnumálum. Lagðar voru fyrir þrjár spurningar um það hvernig framtíðarsýnin yrði best gerð að veruleika:

- 1) Hvernig getum við nýtt þekkingu skóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja til að framleiða verðmætar afurðir?
- 2) Hvernig skapa fyrirtækin sér ný sóknarfæri? (Markaðssókn, framleiðni, gæði...)
- 3) Hvernig getum við eftl samvinnu skóla og fyrirtækja til að styrkja nýsköpun í atvinnulífi á Akureyri?



Hvað verður eftl á blaði?

Fundarmenn lögðu til 75 hugmyndir eða atriði sem þeir töldu vænleg til að gera þessa framtíðarsýn að veruleika. Þeir forgangsroðuðu hugmyndunum og má sjá 12 þær mikilvægustu í meðfylgjandi töflu.

Ferdinand Hansen  
Ingi Bogi Bogason

**SI**

Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

## Nýir félagsmenn

**eMR hugbúnaður hf.**

**Hlíðarsmára 15**

**201 Kópavogi**

**Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður**

**Ísafoldarprentsmiðja ehf.**

**Suðurhrauni 3**

**210 Garðabæ**

**Starfsemi: Prentvinnsla**

**Neonsmiðjan ehf.,**

**Bæjarflöt 7**

**112 Reykjavík**

**Starfsemi: Skiltagerð, hönnun,  
auglýsingar**

**AP Almannatengsl ehf.**

**Brautarholti 10**

**105 Reykjavík**

**Starfsemi: Almannatengsl**

## Stigahæstu atriði úr hugstormunarfundi

	Stigafjöldi
1. Komið verði á fót námi í verkfræði og tæknifræði við HA	91
2. Komið verði á námi í orkuverkfræði	82
3. Stofnuð verði verkefnisnefnd MA og HA um þróun verk- og tæknigreina og auðlindanýtingar	71
4. Starfshópur atvinnulífs og skóla myndaður um samstarf fyrirtækja og skóla	60
5. Virkjum Glerá og hefjum vetnisframleiðslu	57
6. Fyrirtæki, HA og rannsóknastofnanir stofni vísindagarð (með aðstöðu til nýsköpunar og vöruþróunar)	52
7. VMA og HA skipuleggi saman nám í iðnfræði	52
8. Skapa þarf betri ímynd iðn- og tæknimenntunar	52
9. VMA, HA, MA og Akureyrarbær auglýsi skólabæinn Akureyri í vor	47
10. Kynnum okkur hvernig Finnum tekst að laða ungt fólk að iðn- og tækninámi	41

**Stjórnendur nokkurra iðnfyrirtækja og tveir meistarar innan Samtaka iðnaðarins líta yfir farinn veg og hugleiða hvað er framundan á nýju ári:**

# Harðnandi samkeppni - Hækkandi raungengi

## Slæm staða iðn- og tæknináms - Lítil verðbólga

### Jón Diðrik Jónsson, forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar

Árið 2002 markaðist mjög af miklum áhrifum leiðréttingar á gengi og mikilli samþjöppun hjá birgjum og verslunum auk kostnaðarhækkana í góðæri síðustu ára en ekki síst launahækkunum í framleiðslu- og stjórnunarstörfum.

Samþjöppun í verslun hefur orðið mikil og neytendur hafa leitað í lágvörverslanir í auknum mæli. Þetta hefur leitt til harðari samkeppni og mikils þrýstings á verðlag. Árið 2003 mun einkennast af þessu og aðrar verslunarkerðjur munu svara samkeppninni frá lágvörkerðjunum með enn meiri þrýstingi og knýja fram framleiðni- aukningu hjá birgjum og framleiðendum. Því má búast við enn frekari samruna heildsöluþyrskotna og framleiðenda á neytendavörumarkaði til að verða ekki undir í samkeppninni.

Launahækkningar á árunum 1999 til 2001

### Hilmir Hilmisson, framkvæmdastjóri Slippfélagsins í Reykjavík

Það sem hæst ber, þegar liðið ár er skoðað, er að sá samdráttur, sem margir höfðu spáð, reyndist töluvert minni en ætlað var. Þetta má þakka öruggri og markvissri efnahagsstjórn.

Vextir voru lækkaðir hægt og bitandi og nú er svo komið að stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 5,8% en voru 10% í upphafi árs. Verðbólgan, sem var komin í tæp 10% í upphafi árs 2002 fór að færast hratt niður á við og er núna um 2,5% og stefnir í að fara niður fyrir 2% á næsta ári. Verðbólgu- markmiði Seðlabankans hefur því verið náð fyrr en hugað var. Því er þó ekki að leyndu að blikur eru enn á lofti. Fyrirtæki hafa verið að segja upp fólki, sum í ríku mæli, og ég er hræddur um að atvinnuleysi



og hækkun á launatengdum gjöldum í kjölfar skattabreytinga árið 2002 hafa íþyngt innlendum framleiðslufyrirtækjum auk þess sem gengisádlögun hefur gert innflutta vöru samkeppnishæfari. Vegna mikillar aukningar í sölu hefur Ölgerð Egils Skallagrímssonar tekist að standa af sér þessa neikvæðu þróun. Til að auka framleiðni í ár og næstu ár verður hins vegar fjárfest í framleiðslutækjum til að auka sjálfvirkni og yfirstjórnin gerð skilvirkari. Ennfremur verður öll áhersla lögð á að auka sölu með meiri færni í markaðssetningu og vörflokkastjórnun. Sterk íslensk vörumerki, sem eru markaðssett á kraftmikinn hátt, eiga mikla framtíð fyrir sér. Egils vörumerkið er eitt hið sterkasta á íslenskum markaði og á mikla möguleika á að laga sig að markaðnum bæði nú og í framtíðinni.

Framleiðslufyrirtæki hafa hækkað verð á



eigi eftir að aukast á þessu ári að óbreyttu ástandi.

Það var fyrir 30 árum sem Ísland gekk í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og stuttu seinna var gerður viðskiptasamningur milli EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE). Þar með var komið á fríverslun á iðnaðarvarningi milli Íslands og Evrópu. Íslensk iðnfyrirtæki fengu 10 ár til að laga sig að breyttum aðstæðum og verndartollar voru lagðir af í áföngum. Þá reyndi mjög á samkeppnishæfni íslenskra málningarframleiðenda.

Samkeppni við erlendan innflutning jókst hægt og bitandi og íslensku fyrirtækin þurftu að breyta hugsunarhætti sínum á mörgum sviðum. Ætla má að nú sé hlutur innfluttra málningarvara um 30% á málningarmarkaðnum. Ég tel að íslensku

framleiðslu sinni fyrst og fremst vegna launahækkana en við teljum að verðbólga verði lítil og gengið nokkuð stöðugt eftir leiðréttingu sem varð árið 2002.

Evrópuumræðan verður mikil í tengslum við kosningar í vor en umræðan mun einkum snúast um óljósa þætti þar sem innganga nýrra þjóða, sem leggja alla áherslu á stuðning í upphafi, munu hafa mikil áhrif á ESB auk þess sem enn er ekki ljóst hve mikil eða hröð þróunin verður. Við þurfum því að sjá hvernig þau mál skipast áður en við getum rætt inngöngu eða inngönguskilmála af fullri alvöru. Öll umræða um evru er hins vegar gagnslítill nema í tengslum við inngöngu í ESB en við verðum að marka okkur ákveðna stefnu til að auka útflutning til landa utan ESB þar sem svo mikið vægi í viðskiptum við eitt gjaldeyrissvæði getur reynst okkur varasamt.

málningarfyrirtækin hafi staðið sig vel í samkeppninni við þau erlendu sem sum hver eru stór alþjóðleg fyrirtæki. Störfum í iðngreininni hefur eðlilega fækkað á þessum tíma og nú eru störf í málningarframleiðslu um 30% færri en fyrir 30 árum.

Ýmsir utanaðkomandi þættir, aðrir en samkeppni, hafa mikil áhrif á stöðu greinarinnar t.a.m. vaxtastig og gengi. Vextir hafa verið mjög háir hér á landi, töluvert hærri en í helstu samkeppnislöndunum. Því er það fagnaðarefni að vextir fara hratt lækandi hér á landi. Íslensku fyrirtækin hafa verið að berjast í umhverfi of hárs raungengis en hátt raungengi þýðir lakari samkeppnisstaða. Því miður virðist engin breyting ætla að verða á þessu í bráð.

## Páll Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Ístaks

Nú þarf ekki lengur að deila um það að við erum komin vel af stað inn í nýja öld. Öldin sem leið, sérsaklega seinni hluti hennar, varð mesta framfaraskið sem komið hefur hér á landi. Í upphafi síðustu aldar voru ekki allir, fremur en nú, sammála um hvert skyldi stefnt í þróun atvinnulífs á Íslandi.

Þeir, sem fylgdu framförum og aukinni iðnþróun, höfðu betur. Þær umræður í



upphafi síðustu aldar minna mjög á umræðurnar um þessar mundir.

Undanfarið ár hefur einkennt af mikilli umræðu um hvert skuli haldið:

Á að virkja eða ekki virkja? Á að taka upp evru eða ekki? Er okkur best borgið utan eða innan Evrópusambandsins? Hvaða áhrif hefur stækkun þess á okkur? Hver sem svörin verða við þeim spurningum er ljóst að tók okkar sjálfra á stjórn efnahagsmála munu ráða mestu um viðspyrnu okkar í samskiptum

## Ólafur Snorrason, framkvæmdastjóri Ræktunarsambands Flóa og Skeiða

Jarðvinnuarkaður einkenndist af gífurlegri samkeppni á síðasta ári. Framkvæmdir hafa dregist verulega saman og mikið misvægi ríkir á markaðnum. Afkastageta var mun meiri en framboð verkefna og hart var slegist á útboðsmarkaði. Ekki var óalgengt að samið væri um verk fyrir allt að helming kostnaðaráætlana.

Auðsætt er að þetta ástand getur ekki varað lengi því að fjárhagsstaða jarðvinnu-vektaka er ekki það öflug að unnt sé að stunda taprekstur í langan tíma. Fyrir eða



síðar kemur að skuldadögum og gjaldþrotum, bæði stórra og smárra fyrirtækja, fjölgaði á liðnu ári. Við gjaldþrot lendir greiðsla taprekstrar hvorki á fyrirtækinu sjálfu né verk-takanum, heldur neyðast viðskiptavinir, birgjar eða undirvektakar hins gjaldþrota fyrirtækis til að borga brúsann.

Þessi staða hefur verið til umræðu hin síðari ár en ekkert hefur breyst og sem fyrir getur hver sem er stofnað veiktakafyrirtæki. Ekki er krafist menntunar, þekkingar, reynslu né upplýsinga um fjárhagslega stöðu þeirra sem stofna slík fyrirtæki. Við mat á tilboðum er reynsla, orðspor og fjárhagsleg staða einskis metin. Einungis er

## Ólöf B. Kristjánsdóttir, formaður Fé- lags meistara og sveina í fataið

Sjálfstætt starfandi kjólameistarar og klæðskerar hafa ekki farið varhluta af þeim háu raunvöxtum sem við búum við hérlendis. Þótt nokkuð hafi þokast í rétta átt eigum við enn langt í land að verða samkeppnishæf við þau lönd sem við berum okkur helst saman við.

Þetta fólk hefur þó ekki látið deigan síga. Nokkrir hafa sérhæft sig eins og t.d. í þjódþúningasámi og enn aðrir vinna sleitulaust að því að opna augu almennings fyrir því að sérsaumaður fatnaður á enn fullan rétt á sér og að fjöldaframleiddur innfluttur fatnaður stenst ekki samanburð við hinn sérsaumaða.

Þegar horft er 20-30 ár aftur í tímann minnumst við þess að hér var nokkuð



blómlegur fataiðnaður en hvernig þreifst hann? Þá voru verndartollar við lýði og innflutningshöft þannig að mun minna var um innfluttan fatnað en nú tíðkast. Þó svo að frjáls innflutningur hafi nú nánast ráðið niðurlögum innlendirar fataframleiðslu er ég ekki fylgjandi höftum og bönnum. Tímarnir hafa einfaldlega breyst og þau fataframleiðslufyrirtæki sem enn eru starfandi á Íslandi hafa lagað starfsemi sína að breyttum aðstæðum og láta nú framleiða fatnað sinn að stærstum hluta erlendis.

Þó svo að framleiðslan hafi verið flutt úr landi er tækni- og hönnunarvinna unnin hér heima og gerir fagmenn því ekki óþarfa. Innlendi markaðurinn er einfaldlega ekki nógu stór til að framleiðslufyrirtæki nái þeirri stærðarhagkvæmni sem þarf

við aðra.

Í viðskiptalífnum hafa undanfarnir áratugir einkennst af ótrúlegum breytingum til hins betra hér á landi. Þær hafa stuðlað að bættum lífskjörum og breytingar í hinu alþjóðlega umhverfi hafa orðið enn meiri en nokkurn gat óráð fyrir.

Allar þessar breytingar veita okkur meiri tækifæri til framfara en nokkru sinni fyrr.

Eitt mikilvægasta verkefnið til að geta nýtt þessi tækifæri er að hlúð verði að æsku landsins og henni veitt sú besta menntun sem kostur er á.

litið til tilboðsfjárhæðar og samið við lægstbjóðanda.

Aðgengi að fjármagni virðist vera óheft og hvorki verkkaupar, lánastofnanir né rekstrarleigur ómaka sig við að velja sína viðskiptavini.

Ég tel að brýnt sé að spyrna við fótum og eðlilegt að helstu verkkaupar s.s. Vega-gerðin og bæjarfélög viðurkenni vandamálið og leiti lausna. Eina úrræðið er að gera mun meiri og ákveðnari kröfur um fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem taka að sér verkefni í kjölfar útboðs. – Að öðrum kosti mun þessi þróun halda áfram og opinberir verkkaupar verða óhjákvæmilega þjófsnautar með því að taka óraunhæfum tilboðum.

og framleiðni vinnuafli er minni en í helstu samanburðarlöndum. Iðnverka-fólkið, sem vann í þeim fyrirtækjum, var líka að stórum hluta erlent þar sem íslenskt vinnuafli hafði takmarkaðan áhuga á að sinna þeim störfum rétt eins og í fiskvinnslunni.

Því er þó ekki að neita að þessi þróun er ekki góð með tilliti til menntunarmála því að iðnnemar eiga sífellt erfiðara með að komast í starfsþjálfun þar sem framleiðslufyrirtækjum hefur fækkað og einyrkjar hafa oft ekki svigrúm til að taka til sín nema. Ég tel því brýnt að iðnmeistarar verði styrktir í framtíðinni til að taka að sér nema.

## Sigurður Bjarnason, framkvæmdastjóri Prentsmiðjunnar Viðeyjar

Upphaf síðasta árs lofaði góðu fyrir prentverk á Íslandi. Verkefnastaðan var góð og flest fyrirtækin rekin með hagnæði. Um mitt ár fór hins vegar að bera á verkefnaskorti sem jókst þegar leið á árið. Síðustu mánuðirnir voru þó annarsamir að venju. Þegar samdráttur verður í þjóðfélaginu verðum við í prentverkinu þess fljótt varir. Ég tel að við megum búast við minni sveiflum á þessu ári. Sveiflurnar í íslensku þjóðfélagi gera okkur sem stöndum í rekstri oft á tíðum erfitt fyrir.

Á þessu ári er gert ráð fyrir mikilli fjárfestingu í iðninni. Þar ber Morgunblaðið hæst sem hyggst fjárfesta hálfan þriðja milljarð í nýrri prentsmiðju. Ég tel að í öðrum greinum prentverks hafi verið of fjárfest og það geti orðið mörgum þungur baggi en því má ekki gleyma að íslenskar prentsmiðjur eru nú búnar besta fáanlega tækjakosti og hafa á að skipa mjög færur starfsfólki.

Ég tel að átaks sé þörf í menntun-



málum greinarinnar og að leggja þurfi áherslu á að kynna ungu fólki prentiðnaðina og þau tækifæri sem í henni felast. Ríkisvaldið hefur ekki látið nægilegt fé af hendi rakna til iðn-

menntunar og þess má geta að ekki er gert ráð fyrir að neinn nemi stundi nám í prentverki í Iðnskólanum í Reykjavík eftir áramót. Við sem stöndum að SI þurfum að vinna betur að þessum málum í öllum iðngreinum og vekja skilning og áhuga á verkmenntun. Í nútíma þjóðfélagi verða tækifæri til menntunar að vera sem fjölbreyttust og gera verður öllum greinum jafnhátt undir höfði.

Umræðan um viðskiptasiðferði hefur góðu heilli orðið æ meira áberandi að undanförmu, ekki síst í prentiðnaði og bankar og sparisjóðir hafa m.a. tengst þeirri umræðu. Þessir aðilar hafa haft tögl og hagldir bæði hvað varðar tækjabúnað og húsnæði prentfyrirtækja sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum. Þess eru dæmi að fyrirtæki, sem komin voru í þrot, hafi verið endurvakin með nýjum kennitölum og jafnvel sömu gömlu nöfnunum með meintri aðstoð fyrrnefndra peninga-

stofnana en birgjar og aðrir lánardrottinnar látnir sitja eftir með tuga eða hundraða milljóna króna tap. Því má þó ekki gleyma að meðal viðskiptavina þessara fjármálastofnana eru m.a. prentsmiðjur sem eru fyllilega ábyrgar í sínum fjármálum.

Að undanförmu hefur mikið verið fjallað um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu en það mál á sér margar hliðar. Hvað íslenskan prentiðnað varðar getur fyrirhuguð stækkun ESB haft mikil áhrif. Stór hluti innflutts prentverks kemur frá þeim löndum sem nú sækja eftir aðild að ESB. Gangi stækkunin eftir verður milljónum evra m.a. varið til að jafna kjör milli ríkjanna sem þá verða í ESB. Það mun hafa áhrif á framleiðslukostnað fyrirtækja og hækka smám saman verð á ýmsum útflutningsvörum þessara ríkja, þar á meðal prentverkinu. Kaupmáttur í umsóknarríkjunum er nú aðeins þriðjungur af því sem gerist í löndunum sem fyrir eru. Spannandi verður að fylgjast með hversu hratt sú þróun verður og hvaða afleiðingar hún hefur bæði á þau þjóðfélög og einnig á verkaskiptingu í álfunni og í umheiminum.

## Guðlaugur Adolfsson, formaður Meistarafélags iðnaðar- manna í Hafnarfirði

Það sem helst einkenndi byggingariðnaðinn á síðasta ári var jafnvægi á vinnnumarkaði og óvissa í fjármálum vegna gengisbreytinga. Gera verður ráð fyrir að jafnvægi verði á vinnnumarkaðnum á þessu ári en áhrif gengisbreytinga geta þó haft þar nokkur áhrif, eins og vextir og ávöxtunarkrafa húsnæðis.

Opinberir aðilar hafa ástæðu til að nýta sér það jafnvægi sem nú ríkir og hrinda í framkvæmd opinberum framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar. Tilboðsmarkaður byggingageirans hefur náð ákveðnu jafnvægi og tilboðsverð verkkaupa er því hagkvæmt eins og málum er nú háttáð. Sérstök ástæða er til að viðurkenna áhrif gengis- og vaxtabreytinga á bygginga- og tilboðsmarkaðinn með tilliti til óverðtrygðra langtímasamninga. Engin sanngirnir felst í að krefjast þess að byggingamarkaðurinn geti boðið langtímasamninga á föstu verðlagi á sama tíma og sérfræðing-



ar fjármálastofnana treysta sér ekki til að spá fyrir um gengisbreytingar nokkra daga fram í tímann. Eðlilegast væri að samningar miðuðust við gengiskörfu sem lýsti samsetningu verk-samningsins með tilliti til efnis- og vinnuliða.

Verðlagning íbúðarhúsnæðis hefur fundið sér farveg sem ræðst af framboði og eftirspurn, staðsetningu og gæðum húsnæðisins. Þess vegna er nú á markaði húsnæði í mismunandi verðflokkum sem mæta ólíkum kröfum kaupenda. Ástæða er til að vekja athygli á að húsnæðisfærifid hefur ekki fylgt eftir þeirri þróun sem hefur orðið á markaðnum allra síðustu ár hvað varðar lánshlutfall og hámark lána. Þó ber að fagna þeirri nýbreytni að bjóða 90% lán við kaup á fyrstu íbúð.

Ástæða er til að hafa áhyggjur af stöðu iðn- og verknáms þótt ekki sé nema af ónógri nýliðun í iðngreinum. Gera þarf sérstakt átak til að efla iðn- og verknám og ríkisvaldið verður að koma að því í samvinnu við vinnnumarkaðinn. Hafa mætti að

leiðarljósi þá hugmynd, sem uppi hefur verið, að meisturum verði umbunað fyrir að taka nema í vinnu auk þess sem gera þarf skýrari kröfur til meistara sem taka að sér iðnnema.

Sérstök ástæða er til að fjalla um endurskoðun sem nú fer fram á skipulags- og byggingarlögum. Að fenginni reynslu við síðustu endurskoðun laganna en þó sérstaklega reglugerðarinnar, verður að gera þá kröfu að fulltrúar byggingameistara og byggingahönnuða taki þátt í þeirri vinnu. Reynslan af því að láta embættismenn eina um það verk er ekki góð og þar birtist reynsluleysi þeirra við verklegar framkvæmdir.

Minniháttar fyrirspurnir til byggingarfyrirvalda drukkna iðulega í skrifinnnsku embættismanna og tefja framkvæmdir.

Takmarkanir á athafnafrelsi einstaklinga, sem ákvarðast af geðþóttaákvörðunum embættismanna, eiga að heyra sögunni til og er nær að opinberir aðilar leggi sitt af mörkum og stundi skilvirka þjónustu sem helgast af því að auka þjónustustig opinberra stofnanna.

## Guðni B. Guðnason, framkvæmdastjóri Anza

Eftir mikið hlýndaskeið í upplýsingatækniðnaði á Íslandi á sl. árum kom talsvert kuldakast á árinu 2002. Vænlegt brum, sem beið þess að springa út, varð margt að lúta í lægra haldi. Íslenskur upplýsingatækniðnaður lifir í nánú samneyti við íslenskt atvinnulíf. Frjór jarðvegur íslensks atvinnulífs myndar grundvöll að sterkum íslenskum upplýsingatækniðnaði. Mörg fyrirtæki hafa sameinast á síðasta ári með það að markmiði að ná fram hagræðingu í rekstri og má búast við frekari þróun í þá átt á næstunni.

Helsta baráttumál SÍH undanfarin ár hefur verið að jafna samkeppnisstöðu upplýsingatækniðnaðarins gagnvart ört



vaxandi tölvudeildum fyrirtækja sem ekki greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni. Miklar væntingar eru bundnar við afdráttarlausa yfirlýsingu Tómasar Olrich menntamálaráðherra um að hann hygðist beita sér fyrir því að tekið yrði á þessu máli og úr því bætt.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi. Vegna vaxandi samkeppni frá Austur-Evrópulöndum, þar sem útseldur taxti fyrirtækja er umtalsvert lægri en taxti samkeppnisfyrirtækja, hefur áhersla íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja færst meira yfir í útflutning á tilbúnum lausnum sem byggjast á sérhæfðri þekkingu í stað þess að selja útseldar klukkustundir.

Styrk efnahagsstjórn og stöðugleiki eru lykilatriði í rekstri íslenskra fyrirtækja. Þar

hefur vel tekist til á undanföllum misserum og mikilvægt er að það jafnvægi raskist ekki. Þótt vextir séu enn of háir þá hefur þróunin þó verið jákvæð nú seinni hluta ársins.

Upptaka evrunnar er áhugamál fyrirtækja þar sem gjöld og tekjur fyrirtækja eru hvor í sínum gjaldmiðli og getur upptaka evrunnar verið mikilvægt til að lágmarka gengisáhattu. Upptaka evrunnar er þó óhugsandi nema til komi innganga í Evrópusambandið en kosti hennar og galla þarf að skoða af kostgæfni. Nú á síðustu mánuðum hefur aukinnar grósku orðið vart í íslenskrum upplýsingatækni sem gefur ástæðu til bjartsýni á nýju ári.

## „Fellows for Industry“ verkefninu lokið

Verkefninu „Fellows for Industry“, sem styrkt var af 5. rannsóknáætlun Evrópusambandsins, lauk nú um áramótin. Sérfræðingar frá 17 Evrópulöndum tóku þátt í verkefninu og var markmiðið að fjölga umsóknum um svokallaða Marie Curie styrki en alveg sérstaklega að hvetja til samstarfs fyrirtækja og háskólastofnana á sviði heilbrigðis- og endurhæfingartækni.

Starfsemi verkefnisins fólst í því að senda út kynningarefni og efna til fundar þar sem Marie Curie áætlunin var kynnt. Settur var upp vefur, [www.bit.ac.at/fellows\\_for\\_industry.htm](http://www.bit.ac.at/fellows_for_industry.htm), með ýmsum gagnlegum upplýsingum. Þar voru m.a. skráðar upplýsingar um fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem áhuga hafa á að nýta sér Marie Curie áætlunina og efnt til verkefnamiðlunar. Afrakstur þessa starfs varð

m.a. 50 styrkumsóknir frá einstaklingum til að starfa í öðrum löndum og 40 umsóknir frá fyrirtækjum eða stofnunum til að hýsa styrkþega. Því miður voru engar umsóknir frá Íslandi þar á meðal en nú hefur verið auglýst eftir umsóknum um styrki í 6. rannsóknáætluninni og rennur umsóknarfrestur út í byrjun mars.

Vefurinn verður opinn áfram þótt formlegum stuðningi ESB ljúki nú um áramótin. Þar er m.a. að finna kynningarbakling um Marie Curie áætlunina í 6. rannsóknáætlun ESB, safn stofnana og fyrirtækja sem vilja hýsa styrkþega og einstaklinga sem vilja starfa í öðru landi. Verkefninu var stjórnað af austurrískri stofnun BIT og þar er vefurinn hýstur.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir, Samtökum iðnaðarins ([ragnheidur@si.is](mailto:ragnheidur@si.is)).

## Partners for Life - Verkefnamiðlun á Netinu

Fyrirtæki og stofnanir á sviði lífvísinda geta nú notfært sér verkefnamiðlun á vefnum til að finna samstarfsaðila í rannsóknaverkefni í 6. rannsóknáætluninni.



Verkefnamiðlunin, sem hófst 6. desember sl. og stendur fram í mars, er starfrækt á vegum „Partners for Life“, samstarfsnets fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki og stofnanir geta skráð upplýsingar um sig í gagnasafni yfir þá sem hafa áhuga á Evrópusamstarfi og einnig leitað þar að samstarfsfélögum. Gagnasafnið er nýyfjarið þannig að allar upplýsingar eiga að vera réttar. Markmiðið með verkefnamiðluninni er að hvetja til þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í 6. rannsóknáætluninni og að hjálpa þeim, sem eru að undirbúa umsóknir, að finna rétta samstarfsfélaga. Fyrstu umsóknarfrestir voru auglýstir 17. desember sl. en þeir renna út í mars og apríl.

Farið inn á slóðina [www.bit.ac.at/partners\\_for\\_life.htm](http://www.bit.ac.at/partners_for_life.htm) til að leita í gagnasafninu eða skrá fyrirtækið ykkar.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir hjá Samtökum iðnaðarins í síma 591 0100 eða á netfangi [ragnheidur@si.is](mailto:ragnheidur@si.is)



# Ax hugbúnaðarhús á góðri siglingu

„Ax hugbúnaðarhús er þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði viðskiptalausna og stjórnendaupplýsinga. Við aðstoðum viðskiptavinum okkar við val, innleiðingu og notkun viðskipta- og stjórnendaupplýsingalausna til að auka arðsemi og samkeppnishæfni,“ segir Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Flestir sem standa í fyrirtækjarekstri þekkja viðskiptalausnir. Þær eru að grunni til hin hefðbundnu bókhaldskerfi eða fjárhagsupplýsingakerfi en notkunarsvið þeirra hafa aukist mikið hin síðari ár. Auk fjárhagsbókhalds, viðskiptamannakerfis, sölukerfis, birgðakerfis og fleira eru meðal annars komin framleiðslukerfi, mannauðskerfi (HRM), viðskiptatengslakerfi (CRM) og veflausnir. Ax er með nokkrar gerðir viðskiptalausna, allt eftir því hvað hentar viðskiptavininum best. Við val og innleiðingu viðskiptakerfis eru samstarf, ráðgjöf og aðferðafræði talin lykilatriði til árangurs.

Stjórnendaupplýsingalausnir (önnur heiti Business Intelligence, OLAP lausnir, vörúhús gagna) eru notaðar til að greina reksturinn út frá öðrum sjónarhornum en hefðbundinn viðskiptahugbúnaður ræður við. Kafað er niður í upplýsingarnar, greindar ástæður fyrir tilteknum kostnaði eða tekjum, sala skoðuð frá ýmsum hliðum, t.d. á hvern sölumann eða eftir vöruflokkum, tölur bornar saman á milli ára, birgðir aldursgreindar og margt fleira. Upplýsingar, sem hingað til hafa legið lítt notaðar í gagnagrunnum fyrirtækja, eru m.a. notaðar til að spá fram í tímann, til ákvarðanatöku og við áætlanagerð. Sigríður segir að menn séu í mjög auknum mæli farnir að gera sér grein fyrir gildi þess að gera áætlanir og taka ákvarðanir byggðar á raunverulegum gögnum en ekki eingöngu eftir tilfinningu eða eigin hyggjuviti og því hafi notkun á stjórnendaupplýsingalausnum aukist gríðarlega á síðustu árum.

## Hluti af alþjóðlegri fyrirtækjasamsteypu

Að sögn Sigríðar er Ax hugbúnaðarhús ekki gamalt fyrirtæki þótt það standi á

gömlum merg. Það var stofnað á haustmánuðum 1999 með samruna hugbúnaðarsviðs Tæknivals hf., Kerfis hf. og hluta úr Skýrr hf. Um svipað leyti var stofnað útibú Ax í Kaupmannahöfn. Fyrirtækið Columbus IT

Partner keypti síðan Ax í lok árs 2000. Columbus er alþjóðlegt danskt fyrirtæki sem byggir á lausnum frá Microsoft. Það rekur 44 skrifstofur í 27 löndum og er með 800 starfsmenn, þar af 66 hér á landi. Ax er sjálfstæð rekstrareining en vinnur eftir svipaðri aðferðafræði og Columbus þannig að viðskiptavinurinn á ekki að finna fyrir miklum mun á því hvernig unnið er, hér eða á skrifstofunum erlendis.

## „Hef snert á öllu í þessum geira“

Sigríður lærði kerfisfræði í Óðinsvéum í Danmörku. Hún lauk námi 1984 og hóf þá störf hjá Skrifstofuvélum sem var eitt þeirra fyrirtækja sem voru að byrja í upplýsingatækninni. Síðan réðst hún til Kerfis sem þá var að framleiða viðskiptahugbúnaðinn Alvis. „Segja má að ég hafi verið í viðskiptahugbúnaði síðan. Hjá Kerfi var ég þjónustustjóri, þróunarstjóri birgðakerfa ásamt fleiru. Ég hef eiginlega snert á öllu í þessum geira, sinnt forritun, sölu, þjónustu, ráðgjöf, kennslu, verkefnisstjórn og ýmsum stjórnunarstörfum.“

„Eftir barneignafrí, tvær dætur og viðbótarnám lá leiðin svo til Tæknivals í byrjun árs '94. Þá hafði verið niðursveifla en markaðurinn var að lifna við. Tæknival var í öruggri vexti og var orðið 60 manna fyrirtæki. Þar tók ég við starfi hópstjóra yfir viðskiptabúnaðinum Concorde og gegndi því starfi í tvö ár þar til ég varð forstöðumaður hugbúnaðarsviðs Tæknivals en því starfi sinni ég í tvö ár. Árin 1998–99 voru fyrirtæki alvarlega að spá í útflutning og Tæknival ákvað að stofna fyrirtæki í Kaupmannahöfn. Ég hafði



dönskuna, og hafði byggt upp viðskiptatengsl erlendis gegnum útflutning á hugbúnaðalausnum og lá því beinast við að ég tæki þetta að mér. Það varð úr að ég fluttist með fjölskylduna til Danmerkur í júní 1999 og stofnaði og rak Tæknival í Kaupmannahöfn sem fljótlega varð dótturfélag Ax.“

## Ekki sama karlaveldið

„Það var mikil breyting en mjög skemmtileg lífsreynsla að koma úr 300 manna fyrirtæki, eins og Tæknival var þá, og vinna í þriggja manna fyrirtæki í Kaupmannahöfn. Ég þurfti að byrja frá grunni á markaði þar sem ríkti mikil samkeppni en það gekk mjög vel. Þessu starfi sinni ég þar til fyrir rúmu ári er ég tók við Ax á Íslandi. Það má segja að ég hafi snemma á mínum ferli lent í stjórnunarstörfum en fram undir þetta höfðu ekki margar konur gegnt slíkum störfum í greininni. Þegar ég var að byrja árið 1984 var ég oft ávörpuð í karlkyni en konum hefur fjölgað mikið í greininni síðustu ár þannig að þetta er ekki eins mikið karlaveldi og það var,“ segir Sigríður.

## Háleit framtíðarsýn

En hvert er stefnir Ax með starfsemi sinni? „Framtíðarsýn okkar er að standa okkur vel í þeim verkefnum sem okkur er trúað fyrir og verða það fyrirtæki sem viðskiptavinir leita fyrst til varðandi þjónustu og ráðgjöf vegna orðspors okkar. Við viljum vera þekkt fyrir áreiðanleika,

Framb. á bls. 11

# Samstarf Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja

Verkfræðideild Háskóla Íslands og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) undirrituðu nýlega sérstakan samstarfssamning. Markmið samningsins er að efla kennslu og auka gæði náms í hugbúnaðarverkfræði- og tölvunarfræðum við verkfræðideild en einnig að efla tengsl íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og deildarinnar.

Samningurinn er fólgin í að fyrirtæki innan SÍH munu leita til fyrirtækja innan sinna vébanda til þess að útvega sérfræðinga á sviði tölvu- og upplýsingatekni til að sjá um fyrirlestra eða námskeið í völdum áföngum samkvæmt ábendingum tölvunarfræðiskorar.

Samtökin munu tilnefna tvo aðjúnkta við tölvunarfræðiskor sem hafa það hlutverk að meta námskrá og gæði náms við skorina með tilliti til þarfa upplýsingateknifyrirtækja.

Aðjúnktarnir, sem ráðnir verða til verkfræðideildar á grundvelli tillagna stjórnar SÍH, hafa setu- og atkvæðisrétt á fundum í



*Sitjandi: Ingvar Kristinsson, formaður SÍH, Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar HÍ, Sveinn Hannesson framkr. SI. F.v.standandi: Garðar Jóhannsson, Ágúst Guðmundsson, Guðni B. Guðnason, Páll Freysteinnsson og Davíð Stefánsson*

tölvunarfræðiskor og eiga þar með hlutdeild í ákvörðunum sem teknar eru varðandi uppbyggingu og þróun náms í

tölvunarfræðum innan verkfræðideildar.

*Guðmundur Ásmundsson*

## Sveinsbréfaafhenging í múrsmíði 2002



*Fremri röð f.v. Garðar Haukur Reynisson, Sigursveinn H. Hreinsson, Kristín Bjarnadóttir, Jóhann Óskar Heimisson, Elías Gústafsson, Helgi Steinar Karelsson, form. Múraraf. Rvk., Friðrik Andrésson, form. Múrarameistaraf. Rvk. Aftari röð f.v.: Kári Sigurbjörnsson, Sigurbjörn T. Gunnarsson, Hafsteinn Þór Eggertsson, Brynjólfur Nikulásson, Sigurður Örn Arnarsson*

**Þann 22. nóvember sl. voru 10 nýsveinum afhent sveinsbréf þar af var ein kona, Kristín Bjarnadóttir.**

Múrarameistarafélag Reykjavíkur hefur á undanförunum árum afhent nýsveinum

bréfin við hátíðlega athöfn að viðstöddum meisturum þeirra, prófnefnd, stjórnrum félaganna og gestum.

Einnig var viðstödd afheningu sveinsbréfanna frú Elísabet Finsen, fyrsta ís-



*Frú Elísabet Finsen, Friðrik Andrésson formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur og Kristín Bjarnadóttir*

lenska konan sem fékk sveinspróf í múrsmíði. Elísabet tók sveinspróf 19. október 1942 í Esbjerg, Danmörku.

# Aðhald í peningamálum á Íslandi enn of mikið


**Peningalegt aðhald í opnu hagkerfi kemur fram bæði í vaxtastiginu og genginu. Þá hefur vaxtastigið mikil áhrif á gengið. Um þessar mundir er aðhald í peningamálum á Íslandi of mikið.**

Í alþjóðlegu og efnahagslegu samhengi eru vextir enn háir á Íslandi, þótt stýrivextir hafi verið lækkaðir mikið, úr 11,4% árið 2001 í 5,8%. Áhrif hárra vaxta eru tvíþætt. Það er vel þekkt að háir vextir draga úr innlendra eftirspurn. Hins vegar er ekki eins vel þekkt að þegar innlendir vextir eru hærri en erlendir leiðir það gjarnan til þess að gengi gjaldmiðilsins hækkar. Stöðug styrking krónunnar frá ársbyrjun 2002 bendir til að vaxtamunurinn við útlönd hafi verið of mikill. Það sem meiru máli skiptir er að hátt gengi krónunnar er farið að hamla útflutningi á ný.

Raunvaxtastigið, sem er mismunurinn á vaxtastiginu og verðbólguvæntingum, fór hæst árið 2001, vel yfir 6%. Þótt stýrivextir Seðlabankans hafa verið lækkaðir síðan eru raunvextir enn háir, eða um 4%, vegna þess að væntingar um verðbólgu á komandi árum hafa lækkað hraðar en

stýrivextir. Nú er útlit fyrir að verðbólgan verði um 2% á þessu ári og ekki miklu meiri árið 2004. Þetta háa raunvaxtastig þýðir að við búum enn við virkt aðhald í peningamálum. Það sem gerir ástandið erfiðara fyrir fyrirtækin er að vextir héraðs eru einnig miklu hærri en erlendis. Munur á vöxtum hér og í helstu viðskiptalöndum okkar er yfir 3%, þótt hann hafi einnig minnkað. Við þær aðstæður sem nú ríkja hefur þessi vaxtamunur þau áhrif að gengi krónunnar styrkst, sérstaklega þegar það fer saman með væntingum um auknið innflæði fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda. Þetta er ein ástæða þess að gengi krónunnar hefur styrkst mikið.

Gengisvísitalan er nú undir 124 sem er rétt ofan við efri vikmörk gömlu fastgengisstefnunnar. En aðhaldsstig gengisins er réttast að meta út frá raungenginu sem reiknar verðlag og laun á Íslandi í sömu



mynt og í viðskiptalöndum okkar. Myndin á forsíðu sýnir að raungengið er aftur orðið mjög hátt. Verðbólga undanfarin ár hefur verið meiri hér á landi en í annars staðar. Þá hafa laun hækkað meira héraðs. Árið 2001, þegar krónan féll eftirminnilega, lækkaði raungengið vegna þess að krónan veiktist mun meira en laun og verð hækkaði. Við þær aðstæður tók útflutningur kipp. Þetta varð þó skamma uppsveifla því að árið 2002 gekk gengisþróunin til baka en verðlag og laun héldu áfram að hækka meira en erlendis. Fyrir vikið hækkaði verð á vöru og þjónustu íslenskra fyrirtækja, reiknað í sömu mynt, meira en erlendra. Áhrifin koma berlega í ljós í árangri iðnfyrirtækja í virkri samkeppni á erlendum mörkuðum en útflutningur annarrar iðnvöru (án stóriðju) byrjaði að dragast saman á árinu sem leið.

Þótt nú stefni í miklar stóriðjuframkvæmdir á Íslandi er líklegt að verðlag haldist stöðugt á komandi missirum. Það gefur svigrúm til að lækka vexti frekar til að bæta starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja. Þá benda margir á að hætt sé við verðfalli frekar en verðbólgu víða um heimsbyggðina. Við slíkar aðstæður er unnt að halda áfram að lækka vexti. Það ætti að sporna við frekari styrkingu krónunnar sem er aftur orðin of há fyrir útflutningsiðnaðinn. Þá þurfa skuldsett fyrirtæki og heimili lægri vexti til að grynna á skuldum sínum en það er forsenda aukinnar eftirspurnar síðar. Um þessar mundir er aðhald í íslenskum peningamálum of mikið miðað við aðstæður og ráðlegt að draga úr því með frekari lækkun vaxta.

*Dorsteinn Þorgeirsson*



## Framhald Ax hugbúnaðarhús á góðri siglingu

fagleg vinnubrögð og framúrskarandi þjónusta. Ásetningur okkar er að skapa starfsfólki það umhverfi að starf hjá Ax sé mjög eftirsóknarvert og laði að hæfasta fólkið,“ segir Sigríður

### Botninum er náð og hægur bati framundan

„Undanfarið hefur umfjöllun um hugbúnaðarfyrirtæki verið neikvæð og afkoma þeirra óviðunandi og því nauðsynlegt að greinin fari að sýna arðsemi. Það er ekki svo langt síðan fjárfestar kepptust um að rétta fyrirtækjunum fjármagn en nú er það ekki fyrir hendi. Það er því brýnt að skapa áhuga fjárfesta aftur. Eitt af þeim málum, sem nauðsyn er að leysa, er mismunurinn á innheimtu virðisaukaskatts eftir því hvort fyrirtæki kaupa þjónustu af hugbúnaðarfyrirtæki eða hvort eigin tölvudeildir þeirra veita þjónustuna. Samtök iðnaðarins eru

að vinna í þessu máli og vonandi finnst lausn á því sem fyrst.“

Sigríður segir ljóst að það sé mikil framtíð í upplýsingatækninni en það þurfi að halda skynsamlega á málum. Það sé margt gott að gerast í greininni, tækifærin séu mörg og möguleikarnir miklir. Upplýsingatæknin sé að verða sjálfsagður hluti af lífi okkar, bæði í starfi og innan heimilisins sem muni skapa enn fleiri tækifæri til framtíðar. „Ég er sannfærð um að botninum er náð og að hægur bati sé framundan. Við hér hjá Ax horfum björtum augum til framtíðar. Við erum með skýran fókus, góða líðsheild og mjög hæft starfsfólk sem er ákveðið í að gera Ax að framúrskarandi fyrirtæki,“ segir Sigríður Olgeirsdóttir að lokum.

*Dóra Kristín Jónsdóttir*



Samtök iðnaðarins



CONSTRUCT NORTH

Leitaroró

Flytival

## ÚTBOÐSPING 2003

# Verklegar framkvæmdir

Hótel Loftleiðir 24. janúar 2003 frá kl. 13:00 til 16:30

Árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda verður haldið föstudaginn 24. janúar kl. 13:00 á Hótel Loftleiðum. Gefið verður yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogs. Kynntar verða framkvæmdir þeirra opinberu stofnana sem mest kveður að á útboðsmarkaði. Á þinginu gefst verktökum og öðrum einstakt tækifæri til að skyggjast inn í verkefnaframboð ársins. Í lokin verður kynnt nýsamþykkt innkaupastefna ríkisins.

### Ræðumenn:



Fundarstjóri:  
Sveinn Hannesson  
framkvæmdastjóri SI



Samtök iðnaðarins



Reykjavíkurborg:  
Ingibjörg Sólrún  
Gísladóttir borgarstjóri



Reykjavíkurborg



Framkvæmdasýsla  
ríkisins: Óskar  
Valdimarsson forstjóri



FRAMKVÆMDASÝSLA  
RÍKISINS



Siglingastofnun:  
Gísli Viggóson forst.m.  
hafnasviðs



SIGLINGASTOFNUN



Landsvirkjun:  
Agnar Olsen fr.kv.stj.  
verkfæði- og fr.kv.sviðs



Landsvirkjun



Vegagerðin:  
Rögnvaldur Gunnarsson  
forst.m. framkv.d.



VEGAGERÐIN



Kópavogsbær:  
Gunnar Birgisson  
formaður bæjarráðs



KÓPAVOGSBÆR



Fjármálaráðuneytið:  
Guðmundur Ólason  
stjórnsýslufræðingur



Staður:  
**Hótel Loftleiðir - Þingsalur 1**  
Stund:  
**Föstudaginn 24. janúar nk.**  
Tími:  
**Frá 13:00 til 16:30**



Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn að koma og taka þátt í umræðum um framkvæmdir opinberra aðila á næstu misserum.

Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti. Þingið er öllum opið.



**SI**  
Samtök iðnaðarins